

# Greinargerð um fjármál Byrgisins ses.

Janúar 2007

## ***Inngangur***

Í bréfi til Ríkisendurskoðunar, dagsettu 16. nóvember 2006, óskaði félagsmálaráðuneytið eftir því að Ríkisendurskoðun athugaði rekstur Byrgisins ses. vegna starfsemi meðferðarheimilisins að Efri-Brú í Grímsnesi og gæfi álit á því hvernig fjárstuðningi ríkisins væri varið af hálfu rekstraraðila Byrgisins.

Meginmarkmið úttektar Ríkisendurskoðunar á málefnum Byrgisins er að svara eftirfarandi spurningum.

1. Hvort allar tekjur sem aflað hefur verið vegna starfsemi Byrgisins, hvort sem er frá opinberum aðilum, fyrirtækjum, félagasamtökum eða einstaklingum, hafi skilað sér að fullu í bókhald meðferðarheimilisins?
2. Hvort öll útgjöld sem stofnað hefur verið til vegna starfsemi Byrgisins hafi verið færð í bókhaldi þess, gerð sé fullnægjandi grein fyrir kostnaðinum og hann geti talist eðlilegur með tilliti til starfseminnar?

Byrgið hefur notið fjárstuðnings ríkisins frá árinu 1999 og nemur hann ásamt framlagi ríkisins vegna húsaleigu alls 188 m.kr. til og með árinu 2006. Tekið skal fram að framlagið vegna húsaleigu, samtals 25,5 m.kr., hefur runnið beint til Fasteigna ríkissjóðs.

Í október 2003 undirritaði félagsmálaráðherra yfirlýsingu um áframhaldandi stuðning ríkisins við meðferðarheimilið Byrgið. Ákveðin skilyrði voru sett fyrir frekari framlögum ríkisins til rekstrarins, m.a. að 55 einstaklingum yrði veitt skjól og aðstoð. Stjórnendur Byrgisins undirrituðu ekki yfirlýsinguna þar sem þeir töldu að ríkisframlagið og stærð húsnæðis byðu ekki upp á þennan fjölda vistmanna. Félagsmálaráðuneytið hefur engu að síður greitt framlög í samræmi við yfirlýsinguna.

Í tengslum við úttektina var rætt við bæði forstöðumann Byrgisins og aðstoðarforstöðumann sem lögðu góðfúslega fram gögn og gáfu skýringar á ýmsum atriðum. Þá var rætt við bókara Byrgisins. Auk þess var rætt við fjóra einstaklinga sem tengjast starfsemi Byrgisins, m.a. með því að safna styrkjum til starfseminnar, gegna öðrum störfum á vegum þess eða dveljast þar sem vistmenn.

Úttekt Ríkisendurskoðunar tekur til ársins 2005. Bókhald vegna þess hefur verið fært að fullu og sömuleiðis vegna fyrstu tíu mánaða ársins 2006. Að öðru leyti er bókhald þess árs enn óklárt.

## ***Bókhald og ársreikningar***

Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður Byrgisins annast fjármál þess. Að sögn þeirra hefur þó einungis forstöðumaður tekið á mótí fjárframlögum vegna fjársafnana og innheimtum vistgjöldum á staðnum, eins og nánar er fjallað um síðar. Hvorugur forstöðumanna Byrgisins annast færslu bókhalds, heldur er það verkefni í höndum bókara félagsins. Ársreikningar félagsins eru prentaðir beint út úr bókhaldskerfinu og eru án skýringa. Þeir hafa ekki verið endurskoðir.

Tveir bankareikningar eru færðir í bókhaldi. Tekjur eru að mestu lagðar inn á annan þeirra. Greiðslur út af þessum bankareikningum hafa almennt farið fram með millifærslum úr heimabanka.

Tvö kreditkort eru í notkun vegna starfsemi Byrgisins. Annað er á nafni Eignarhaldsfélags Byrgisins ehf. og hitt er á nafni forstöðumanns. Bæði kortin eru notuð jöfnum höndum vegna Byrgisins og til einkanota. Nánar er fjallað um kreditkortanotkun í kaflanum um gjöld Byrgisins.

Báðir stjórnendur Byrgisins og aðrir starfsmenn eru með launareikninga í bókhaldinu sem jafnframt virðast notaðir sem eins konar viðskiptareikningar. Launareikningur aðstoðarforstöðumanns Byrgisins er á nafni eiginkonu hans og eru greiðslur lagðar inn á bankareikning hennar. Inn á þessa launareikninga eru færðar greiðslur til viðkomandi starfsmanna eða maka þeirra, en til lækkunar er færður útlagður kostnaður. Í árslok 2005 var staða reikninganna lækkuð með millifærslu á aðra kostnaðarliði, eins og nánar er fjallað um í kaflanum um gjöld Byrgisins og stóðu þá eftir launafjárhæðir sem tilgreindar eru í ársreikningi. Hvorki laun starfsmanna, hlunnindi né verktakagreiðslur til þeirra eða annarra hafa verið talin fram til skatts. Þá hafa ekki verið búnir til launaseðlar né er að sjá að viðkomandi aðilar hafi framvísað reikningum vegna verktakagreiðslna.

## ***Tekjur***

Tekjum Byrgisins má skipta í þrjá meginflokka og er gerð grein fyrir þeim í töflu 1. Í fyrsta lagi er framlag af fjárlögum sem nam 26,5 m.kr. á árinu 2005 og 18,8 m.kr. fyrstu tíu mánuði ársins 2006.

Í öðru lagi eru vistgjöld fyrir einstaka vistmenn (skjólstæðinga) greidd af sveitarfélögum, Fangelsismálastofnun, félagasamtökum og einstaklingum. Samkvæmt ársreikningi Byrgisins árið 2005 námu vistgjöld ársins alls um 9,6 m.kr. sem samsvarar um 14 skjólstæðingum á mánuði, en þar dvöldu að jafnaði 30 skjólstæðingar árið 2005. Fyrstu tíu mánuði ársins 2006 námu vistgjöld 5,1 m.kr. sem samsvarar tæplega átta skjólstæðingum á mánuði, en samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum Byrgisins voru skjólstæðingar um 33 að jafnaði hvern þessara tíu mánaða.

Þriðja tegund tekna eru styrkir frá opinberum aðilum og öðrum sem samkvæmt ársreikningi námu alls um 5,9 m.kr. á árinu 2005 og um 8 m.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins 2006.

Óbeinar tekjur hefur Byrgið af vörum og þjónustu sem ekki er greitt fyrir, auk afnota af húsnæði í eigu ríkisins. Framlag ríkisins vegna húsnæðis að Efri-Brú nam 8,5 m.kr. árið 2005 og 9 m.kr. árið 2006 en það rann sem fyrr segir beint til Fasteigna ríkissjóðs.

**Tafla 1. Tekjur Byrgisins 2005 og fyrstu tíu mánuði ársins 2006**

Í m.kr.	jan-des-05	jan-okt-06	samþals
Ríkisframlag	26,5	18,8	45,3
Bókfærð vistgjöld	9,6	5,1	14,7
Bókfærðir styrkir	5,9	8,0	13,9
Bókfærðar tekjur alls	42,0	31,9	73,9
Innheimt óbókfærð vistgjöld	4,9	6,6	11,5
Innheimtir óbókfærðir styrkir	4,7	6,1	10,8
Innheimtar óbókfærðar tekjur alls	9,6	12,7	22,3
<b>Tekjur alls</b>	<b>51,6</b>	<b>44,6</b>	<b>96,2</b>
<i>auk framlags ríkisins vegna húsnæðis</i>	<i>60,1</i>	<i>53,6</i>	<i>113,7</i>

Við samanburð á bókhaldi Byrgisins, bankareikningum þess og upplýsingum frá opinberum aðilum kom í ljós að allar greiðslur opinberra aðila á árinu 2005 skiluðu sér inn í bókhaldið og sömu sögu er að segja af fyrstu tíu mánuðum ársins 2006.

Öðru máli gegnir um vistgjöld innheimt hjá skjólstæðingum sjálfum og ýmsa styrki. Fram kom í samtölum við stjórnendur Byrgisins að þeir skjólstæðingar sem þiggja örorkulífeyri hafa greitt Byrginu vistgjöld á staðnum með reiðufé og hefur einn af starfsmönnum Byrgisins séð um að innheimta þau. Fjöldi skjólstæðinga sem hafa greitt á staðnum hefur verið breytilegur milli mánaða. Samkvæmt þeim gögnum sem Ríkisendurskoðun hefur undir höndum og upplýsingum frá starfsmönnum Byrgisins hefur fjöldinn verið frá 7 til 17 skjólstæðingar á hverjum tíma og innheimt vistgjöld á staðnum að jafnaði um 408 þús.kr. á mánuði eða 4,9 m.kr. á árinu 2005. Það samsvarar rúmlega sjö skjólstæðingum að jafnaði hvern mánuð. Á fyrstu tíu mánuðum ársins 2006 námu innheimt vistgjöld á staðnum um 6,6 m.kr. eða um 656 þús.kr. á mánuði sem samsvarar um 11,5 skjólstæðingum að jafnaði.

Stjórnendur Byrgisins kváðu starfsmanninn sem sá um innheimtuna hafa þegið 120 þús.kr. þóknun á mánuði fyrir störf sín og hafi sú fjárhæð jafnan verið tekin beint af innheimtum vistgjöldum en afgangurinn afhentur forstöðumanni Byrgisins í reiðufé. Þessar tekjur hafa ekki skilað sér inn í bókhald Byrgisins og ekki hefur tekist að gera grein fyrir hvernig þeim var varið. Greiðslur til starfsmannsins sem annaðist innheimtuna voru ekki bókfærðar.

Samkvæmt upplýsingum sem Ríkisendurskoðun fékk voru vistgjöld að andvirði 2,7 m.kr. felld niður árið 2005, annars vegar vegna vinnuframlags skjólstæðinga og hins vegar vegna brottfarar þeirra úr meðferð. Þetta samsvarar um fjórum skjólstæðingum á mánuði. Á fyrstu tíu mánuðum ársins 2006 námu niðurfelld vistgjöld um 8,6 m.kr. eða sem samsvarar 8,5 skjólstæðingum á mánuði.

**Tafla 2. Fjöldi vistmanna í Byrginu 2005 og fyrstu tíu mánuði ársins 2006**

Að jafnaði hvern mánuð	jan-des-05	jan-okt-06
<b>Uppgefinn fjöldi vistmanna</b>	<b>30,0</b>	<b>33,0</b>
Fjöldi bókfærðra vistgjalda	14,0	8,0
Fjöldi innheimtra óbókfærðra vistgjalda	7,0	11,5
Fjöldi niðurfelldra vistgjalda	4,0	8,5
<b>Vistmenn alls</b>	<b>25,0</b>	<b>28,0</b>
<i>Óútskýrt</i>	5,0	5,0

Tafla 2 sýnir heildarfjölda uppgefinna vistmanna annars vegar og hins vegar fjölda þeirra sem innheimt var vegna eða fengu vistgjöld niðurfelld. Vistgjöld voru innheimt eða niðurfelld fyrir 25 skjólstæðinga að jafnaði árið 2005 og 28 árið 2006. Enn er óskýrt hvort og þá hvernig þeir fimm skjólstæðingar sem út af standa á hvoru ári greiddu fyrir vist sína í Byrginu.

Fram kom í samtölum við stjórnendur Byrgisins að fjáröflun því til stuðnings hefur verið í gangi undanfarin ár, m.a. hefur fyrrverandi skjólstæðingur safnað fé frá einstaklingum og fyrirtækjum. Ríkisendurskoðun fékk afhentar upplýsingar um fjárhæðir þessara styrkja auk reikninga vegna útlagðs kostnaðar söfnunarmanns. Framlögð fylgiskjöl sýna að árið 2005 nam söfnunarfé um 4,7 m.kr. og um 6,0 m.kr. árið 2006. Útlagður kostnaður nam tæplega 350 þús.kr. árið 2005 og um 435 þús.kr. árið 2006 eða um 7% af söfnunarfé hvors árs. Stjórnendur Byrgisins vöktu athygli á því að samkvæmt munnlegu samkomulagi við söfnunarmann skyldu 85% söfnunarfjár renna til Byrgisins en 15% til söfnunarmanns sjálfs. Söfnunarmaðurinn staðhæfir að hann hafi á árinu 2005 afhent forstöðumanni andvirði söfnunarfjárins í reiðufé, eins og verið hafði nokkur ár á undan. Forstöðumaðurinn neitar að hafa fengið móttakið nema rétt um 100 þús. kr. Árið 2006 varð breyting á þegar söfnunarfé var lagt inn á bankareikning. Samkvæmt bankayfirliti tók söfnunarmaðurinn út rúmlega 1,5 m.kr. árið 2006 og forstöðumaðurinn tæplega 1,1 m.kr. Að auki voru um 1,5 m.kr. teknar út án þess að fyrir liggi hver átti þar í hlut (bedið er upplýsinga þar um frá viðkomandi banka). Tekjur af þessum söfnunum hafa ekki skilað sér inn í bókhald Byrgisins og eru útlagður kostnaður söfnunarmanns og þóknun hans hvergi skráð í bókhaldi. Óvíst er hvernig því fjármagni sem tekið var út af reikningnum var ráðstafað, utan fyrrgreindra 785 þús.kr. útgjalda söfnunarmanns.

Á árinu 2006 hófu aðstandendur eins fyrrverandi skjólstæðings fjársöfnun að honum látnum. Söfnunarfé var að þeirra sögn ætlað að brúa það bil sem oft myndast þegar skjólstæðingar koma peningalausir í Byrgið og hafa því ekki tök á að greiða vistgjald fram að næstu útborgun örorkulífeyris eða sveitarfélagafamlags. Stjórnendur Byrgisins könnuðust í fyrstu ekki við umrædda söfnun þegar málið var borið upp á fundi með þeim en í ljós kom eftir að þeim var gefið upp númer bankareikningsins að hann var skráður á Byrgið og yfirlit um færslur aðgengilegar í heimabanka. Af bankayfirliti vegna reikningsins, en umræddir aðstandendur höfðu bent fólki á að leggja inn á hann, kemur fram að á tímabilinu frá 14. júní til 31. október 2006 voru lagðar tæpar 122 þús.kr. inn á reikninginn í nafni umrædds skjólstæðings. Jafnóðum og innlegg áttu sér stað voru sömu fjárhæðir millifærðar af forstöðumanni Byrgisins inn á hans persónulega bankareikning. Aðspurður kvaðst hann hafa talið að um aðra söfnun væri að ræða. Tekna vegna þessarar

fjárstöfnunar er hvergi getið í bókhaldi Byrgisins og ekki hefur verið gerð grein fyrir hvernig þeim var ráðstafað.

## Gjöld

Á árinu 2005 námu útgjöld Byrgisins samkvæmt ársreikningi samtals um 47,5 m.kr. auk fyrrgreindra 350 þús.kr. vegna söfnunarinnar. Endanleg tala fyrir árið 2006 liggur ekki fyrir en eftir fyrstu tíu mánuði ársins námu bókfærð útgjöld um 32,0 m.kr. Að auki höfðu verið greiddir kreditkortareikningar að andvirði 6,3 m.kr. og fyrrgreindar 435 þús.kr. vegna söfnunarinnar, en útgjöldin ekki ennþá verið bókuð á gjaldaliði (kostnaðarlykla). Heildarútgjöld til loka október 2006 námu því um 38,7 m.kr. Útgjöldum Byrgisins eru gerð skil í töflu 3 hér að neðan. Í eftirfarandi umfjöllun um einstaka gjaldaliði eru útgjöld greidd með kreditkortum á árinu 2006 ekki talin með enda flokkun þeirra enn óljós.

Tafla 3. Útgjöld Byrgisins 2005 og fyrstu tíu mánuði ársins 2006

Í m.kr.	jan-des-05	jan-okt-06	samtals
Bókfærð útgjöld	47,5	32,0	79,5
Óbókfærð en greidd útgjöld	0,4	6,7	7,1
Bókfærð og/eða greidd útgjöld	47,9	38,7	86,6
Einkaútgjöld greidd með kreditkortum	-4,4	-1,9	-6,3
Önnur bókfærð einkaútgjöld	-0,9	-1,2	-2,1
Tilhæfulausar bókfærðar gjaldfærslur	-7,2	0,0	-7,2
Bókfærð og/eða greidd einkaútgjöld alls	-12,5	-3,1	-15,6
Ekki bókunarhæft en bókfært	-15,7	-4,2	-19,9
<b>Útgjöld alls</b>	<b>19,7</b>	<b>31,4</b>	<b>51,1</b>
<i>auk framlags ríkisins vegna húsnæðis</i>	<i>28,2</i>	<i>40,4</i>	<i>68,6</i>

## Kreditkort

Eins og fram hefur komið eru tvö kreditkort notuð vegna Byrgisins. Annars vegar er persónulegt kort forstöðumanns og hins vegar kort eignarhaldsfélagsins. Á árinu 2005 greiddi Byrgið samtals 18,3 m.kr. vegna úttekta á þessi tvö kort. Gild fylgiskjöl eru ekki til staðar nema fyrir litlum hluta þeirrar fjárhæðar. Eftir skoðun á kortayfirlitum var það mat stjórnenda Byrgisins að um 30% útgjalda vegna kreditkorta ársins 2005 væru einkaútgjöld forstöðumanns en það hlutfall getur Ríkisendurskoðun ekki staðfest. Aðeins um 6% útgjalda vegna kreditkortanna voru bókfærð sem laun á viðskiptareikning forstöðumanns. Út af standa því um 4,4 m.kr. á árinu 2005 sem teljast til einkaútgjalda samkvæmt framburði stjórnendanna en hafa verið greiddar af Byrginu.

Byrgið greiddi kreditkortareikninga að andvirði a.m.k. 6,3 m.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins 2006 án þess að færa þær greiðslur á gjaldaliði í bókhaldi. Afar fá gild fylgiskjöl liggja til grundvallar þeirri fjárhæð. Farið var í gegnum yfirlit kreditkorta með stjórnendum Byrgisins og var það áfram mat þeirra að um 30% útgjaldanna væru einkaútgjöld, eða um 1,9 m.kr. tímabilið janúar til október 2006. Þá fjárhæð getur Ríkisendurskoðun ekki staðfest.

## ***Vörukaup***

Samkvæmt ársreikningi Byrgisins 2005 námu vörukaup ársins alls um 7,9 m.kr. Kaup á matvörum námu 3,5 m.kr., lyfjum og lækniþjónustu 560 þús.kr. og önnur vörukaup 3,8 m.kr. Á fyrstu tíu mánuðum ársins 2006 eru samsvarandi tölur 1,7 m.kr. fyrir matvörur, 230 þús.kr. fyrir lyf og lækniþjónustu og 1,0 m.kr. fyrir aðrar vörur.

Fram kom í samtölum við stjórnendurna að Byrgið hefur þegið matargjafir frá ýmsum fyrirtækjum mörg undanfarin ár og skýrir það tiltölulega lágan matarkostnað. Þegar rýnt er nánar í matarkostnað ársins 2005 kemur í ljós að af 3,5 m.kr. útgjöldum fóru um 50% til kaupa hjá ýmsum matvöruverslunum, 13% til kaupa á skyndibitum hjá KFC, 11% til kaupa á mjólkurvörum hjá Mjólkurbúi Flómannna, 4% hjá öðrum veitingastöðum en KFC og um 22% hjá aðilum sem óvíst er hverjir eru þar sem gild fylgiskjöl eru ekki til staðar.

Lyfja- og læknskostnaður skjólstæðinga og starfsmanna Byrgisins hefur oft verið greiddur af Byrginu. Samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum þess eiga skjólstæðingar að greiða sérlyf sjálfir en Byrgið leggur til verkjalyf o.þ.h. Lyfja- og læknskostnaður ársins 2005 nam rúmlega 560 þús.kr. Þar sem verulegan hluta fylgiskjala vantar er ekki hægt að staðfesta nema hluta þess kostnaðar. Bókfærður lyfja- og læknskostnaður fyrstu tíu mánaða ársins 2006 nam tæplega 220 þús.kr. Stjórnendur Byrgisins töldu eðlilegt að Byrgið greiddi einhvern hluta lyfja- og læknskostnaðar þeirra sjálfra. Kostnaður við lækniþjónustu skjólstæðinga sem veitt er á staðnum er ekki talin með hér.

Undir önnur vörukaup falla m.a. kaup á tóbaki, sælgæti, kaffi á bensínstöðvum o.fl. af svipuðum toga. Útgjöld vegna slíkra liða nema tæplega 300 þús.kr. á árinu 2005 samkvæmt fyrirbyggjandi fylgiskjöllum. Á fyrstu tíu mánuðum ársins 2006 er um svipaða upphæð að ræða vegna fyrrgreindra vara. Meginþorra annarra vörukaupa ársins 2005, eða að andvirði um 2,3 m.kr., er ómögulegt að staðfesta hvort tengist rekstri Byrgisins, einfaldlega vegna þess að gild fylgiskjöl vantar. Þar eru greiðslur með kreditkortum fyrirferðarmestar.

Aðspurðir um tóbakskaup Byrgisins sögðust stjórnendur þess líta svo á að horfa ætti til þess að stór hluti skjólstæðinganna væru stórreykingamenn. Stjórnendur og starfsmenn Byrgisins kaupa þá tóbak í verslunum og bjóða skjólstæðingum að Efri-Brú, sjaldnast gegn greiðslu. Engar slíkar endurgreiðslur eru heldur færðar í bókhaldi Byrgisins.

## ***Framlög, styrkir og árgjöld***

Hluti af meðferðarstarfinu að Efri-Brú byggir á þátttöku í rekstri fjölmiðlafélags Byrgisins, Kristilegu fjölmiðlamiðjunni (KFM). Á árinu 2005 bókfærði Byrgið alls um 2,2 m.kr. greiðslu til fjölmiðlafélagsins auk kaupa á tækjabúnaði og geisladiskum sem eiga að nýtast í starfi KFM. Í bókhaldi Byrgisins árið 2005 er ekki að finna gild fylgiskjöl vegna þessarar 2,2 m.kr. og því óljóst fyrir hvað var greitt. Enn hefur ekki verið bókfært framlag til KFM á árinu 2006.

## ***Laun***

Athygli vekur að launagreiðslur Byrgisins á árinu 2005 námu einungis 5,5 m.kr. samkvæmt ársreikningi, eða rúmlega 460 þús.kr. á mánuði. Alls þáðu fimm einstaklingar greiðslur frá Byrginu á árinu 2005. Við nánari eftirgrennslan kom í ljós að greiðslur til einstaklinga voru í raun mun hærri en samtals höfðu 28,4 m.kr. verið bókaðar á launareikninga. Yfir árið var ýmiss konar útlagður kostnaður, samtals að fjárhæð 15,7 m.kr., færður til lækkunar á greiðslum, oft án fullnægjandi skýringa og bókhaldsgagna. Í árslok 2005 voru síðan um 7,2 m.kr. fluttar á aðra lykla með ýmsum millifærslum, m.a. bókaðar 3,1 m.kr. sem afskrifuð vistgjöld, fyrrgreindar 2,2 m.kr. sem framlag til KFM og rúmlega 1 m.kr. til eignarhaldsfélags Byrgisins vegna eignaleigu bifreiða.

Á fyrstu tíu mánuðum ársins 2006 námu bókfærðar greiðslur að frádregnum útlögðum kostnaði alls um 12,9 m.kr. eða 29% af heildarútgjöldum Byrgisins samanborið við 13% samkvæmt ársreikningi 2005. Engar millifærslur sambærilegar þeim sem áður gat um áttu sér stað á fyrstu tíu mánuðum ársins 2006.

Ríkisendurskoðun óskaði skýringa vegna færslna út af viðskiptareikningum stjórnenda og starfsmanna, þ.e. hvers vegna hún hefði ýmist verið sléttuð út eða lækkuð verulega. Stjórnendur Byrgisins gáfu þá skýringu að þetta hefði verið gert til að færa niður bókfærðan launakostnað, m.a. til að ekki kæmi til skerðingar á öðrum tekjum viðkomandi einstaklinga.

## ***Húsnæði***

Rekstrarkostnaður húsnæðis nam alls um 5,5 m.kr. samkvæmt ársreikningi 2005. Þar af voru um 2,4 m.kr. vegna rafmagns, 1,3 m.kr. vegna hita og 1,6 m.kr. vegna viðhalds. Á fyrstu tíu mánuðum ársins 2006 nam kostnaður vegna rafmagns tæplega 940 þús.kr., hita um 1,1 m.kr. og vegna viðhalds rúmlega 180 þús.kr.

## ***Áhöld og tækj***

Kostnaður vegna reksturs áhalda og tækja nam alls um 3 m.kr. á árinu 2005. Þar eru kaup á ýmiss konar raftækjum og tölvubúnaði fyrirferðarmest eða 2,4 m.kr. Hluta þessara útgjalda er ekki hægt að staðfesta þar sem gild fylgiskjöl liggja ekki fyrir. Á fyrstu tíu mánuðum ársins 2006 nam kostnaður vegna reksturs áhalda og tækja um 790 þús.kr., þar af vegna kaupa á raftækjum og tölvubúnaði að andvirði 650 þús.kr.

Stjórnendur Byrgisins voru spurðir um kaup á fjölda farsíma, en á árinu 2005 voru keyptir a.m.k. 15 farsímar fyrir um 350 þús.kr. og a.m.k. níu á fyrstu tíu mánuðum ársins 2006 fyrir um 320 þús.kr. Kváðu þeir algengt að farsímar starfsmanna að Efri-Brú hverfi og því nauðsynlegt að endurnýja farsímana reglulega.

Skrá er ekki til yfir húsgögn, áhöld og aðra lausafjarmuni Byrgisins. Við athugun Ríkisendurskoðunar var hægt að staðfesta að rúmur helmingur áhalda og tækja, sem keypt voru árin 2005 og 2006, var til staðar. Það sem upp á vantar hafði að sögn stjórnenda ýmist



verið gefinn skjólstæðingum þegar dvöl þeirra lauk, skemmst eða þeir gátu ekki í fljótu bragði sagt til um með vissu hvar væru niðurkomin.

## ***Bifreiðar***

Byrgið leigir þrjár bifreiðar af eignarhaldsfélagi Byrgisins, sem er í eigu forstöðumanns Byrgisins, og hefur félagið bifreiðarnar á rekstrarleigu. Um er að ræða tvo LandRover Discovery af árgerð 2006 sem forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður Byrgisins hafa til umráða og eina Renault Master sendibifreið af árgerð 2005 sem notuð er til að sækja vistir fyrir Byrgið. Öll útgjöld eignarhaldsfélagsins vegna þessara bifreiða eru gjaldfærð yfir á Byrgið auk þess sem Byrgið greiðir kostnað við rekstur þeirra. Vert er að geta þess að bifreið forstöðumanns Byrgisins hefur verið endurnýjuð árlega.

Eignarhaldsfélagið er að auki með tvær bifreiðar á sínum vegum sem eru leigðar einstaklingum; annars vegar LandRover Discovery sem einn starfsmanna Byrgisins hefur til afnota og greiðir sjálfur af og hins vegar Renault Mégane sem dóttir forstöðumanns Byrgisins hafði til afnota á árinu 2006. Að sögn forstöðumanns var bifreiðin m.a. notuð til skólaaksturs. Ætlast er til þess að afborganir af þeirri bifreið séu dregnar af launum forstöðumannsins samkvæmt munnlegum samningi, en þess sjást þó engin merki í bókhaldi Byrgisins. Ríkisendurskoðun hefur ekki undir höndum nauðsynleg gögn til að staðfesta kostnað Byrgisins vegna viðkomandi bifreiðar. Þó er ljóst að kostnaðurinn nemur a.m.k. 500 þús.kr. árið 2006.

Eignarhaldsfélagið hefur aldrei gefið út reikninga fyrir leigunni og er ómögulegt að segja til um hvernig leigufjárhæðin sundurliðast og fyrir hvað verið er að greiða. Á árinu 2006 greiddi Byrgið einnig fjölmarga reikninga vegna eignarhaldsfélagsins beint.

Samkvæmt ársreikningi 2005 nam leiga vegna bifreiða af eignarhaldsfélaginu alls um 8 m.kr. á árinu 2005 og á fyrstu tíu mánuðum ársins 2006 er sambærileg gjaldfærð tala um 5,7 m.kr. Heildarrekstrarkostnaður bifreiða Byrgisins og greiddur akstur til starfsmanna Byrgisins nam samtals um 13,3 m.kr. á árinu 2005, eða um 28% af bókfærðum heildarrekstrarkostnaði ársins. Bensín- og olúkaup námu um 3,4 m.kr. og önnur útgjöld því tæpum 2 m.kr. samkvæmt ársreikningi ársins 2005. Sé miðað við 50 kr. á ekinn km (sbr. viðmiðun fjármálaráðuneytisins 2005) reiknast heildarakstur sem Byrgið greiddi fyrir alls um 266 þús.km eða 728 km á dag. Sú vegalengd er svipuð þeirri sem kemur út ef litið er til eldsneytisnotkunar Byrgisins á árinu 2005 og akstur áætlaður út frá henni.

Á fyrstu tíu mánuðum ársins 2006 námu útgjöld vegna bifreiða 9,4 m.kr. eða um 29% af heildarútgjöldum Byrgisins. Leiga á bifreiðum nam um 5,7 m.kr., bensín- og olúkaup um 2,4 m.kr. og annar kostnaður um 1,3 m.kr. Sé heildarakstur fyrstu tíu mánaða ársins 2006 áætlaður með sama hætti og árið 2005 (og miðað við 55 kr. á km, sbr. auglýsingar fjármálaráðuneytisins 2006) telst hann um 170 þús.km. Athygli skal vakin á því að samanburður þessi milli ára er óraunhæfur þar sem útgjöld greidd með kreditkortum hafa ekki verið færð inn í bókhald ársins 2006.

Forstöðumaður Byrgisins kvaðst hafa ekið um 100 þús.km. á ári í þágu Byrgisins á árunum 2005 og 2006. Í árslok 2006 fluttist hann í Grímsnesið og telur að aksturinn

minnki nokkuð í kjölfarið. Aðstoðarforstöðumaður Byrgisins er sömuleiðis nýlega fluttur af höfuðborgarsvæðinu til Selfoss og telur að akstur hans muni minnka nokkuð. Á árunum 2005 og 2006 ók hann um 70 þús.km. á ári að sögn í þágu Byrgisins. Samanlagður akstur þeirra tveggja nær því yfir um 65% af áætluðum heildarakstri á vegum Byrgisins.

## ***Skrifstofa***

Skrifstofukostnaður ársins 2005 nam alls um 4,8 m.kr., þar af 2,2 m.kr. vegna tölvukerfis. Af þessum 2,2 m.kr. vantar gild fylgiskjöl fyrir helmingnum. Kostnaður vegna síma á árinu 2005 nam um 1,5 m.kr. Á fyrstu tíu mánuðum ársins 2006 nam kostnaður vegna síma 1,3 m.kr., reksturs tölvukerfis um 670 þús.kr. og annar rekstrarkostnaður skrifstofu rúmlega 190 þús.kr.

## ***Stjórnun og umsýsla***

Samkvæmt ársreikningi 2005 nam kostnaður vegna stjórnunar og umsýslu alls um 4,4 m.kr. á árinu. Stærsti einstaki liðurinn undir stjórnun og umsýslu eru afskrifuð vistgjöld upp á rúmar 3 m.kr. Við athugun kom í ljós að engin vistgjöld voru tekjufærð nema tekist hefði að innheimta þau og því ekki um eðlilegar afskriftir að ræða, sbr. það sem áður hefur komið fram um millifærslu af launareikningum. Á fyrstu tíu mánuðum ársins 2006 voru um 720 þús.kr. bókaðar á stjórnun og umsýslu, þar af 622 þús.kr. vegna endurgreiddra vistgjalda.

## ***Einkaútgjöld***

Ríkisendurskoðunar lagði ýmis fylgiskjöl úr bókhaldi Byrgisins fyrir stjórnendur þess og óskaði nánari skýringa á þeim. Af fyrirlögðum bókfærðum gjöldum ársins 2005 tókst þeim ekki að skýra hvernig útgjöld upp á rúmlega 850 þús.kr. tengdust starfsemi Byrgisins. Samsvarandi upphæð á fyrstu tíu mánuðum ársins 2006 er um 700 þús.kr.

Eins og áður kom fram vantar gild fylgiskjöl fyrir verulegum hluta útgjalda Byrgisins á árunum 2005 og 2006. Meginþorri þessara útgjalda er greiddur með kreditkortum. Á árinu 2005 nemur upphæð slíkra útgjalda samtals um 15,7 m.kr. og um 4,2 m.kr. á árinu 2006. Ríkisendurskoðun getur ekki fallist á að umrædd útgjöld séu vegna reksturs Byrgisins fyrr en stjórnendum þess hefur tekist að skýra með sannfærandi hætti hvernig þau tengjast starfseminni.

Forstöðumaður Byrgisins hefur að auki lagt fram kreditkortayfirlit til bókuunar og greiðslu upp á um 7 m.kr. Á fundi með Ríkisendurskoðun taldi hann um 30% þeirrar fjárhæðar vera vegna einkaútgjalda sinna, eða um 2,1 m.kr. Vegna skorts á gildum fylgiskjöllum og skýringum getur Ríkisendurskoðun ekki lagt mat á hvort mestur hluti þeirra 4,9 m.kr. sem út af standa sé tilkominn vegna reksturs Byrgisins.

**Tafla 4. Tekjur og gjöld Byrgisins 2005 og fyrstu tíu mánuði ársins 2006**

Í m.kr.	jan-des-05	jan-okt-06	samtals
Bókfærðar tekjur	42,0	31,9	73,9
Innheimtar óbókfærðar tekjur	9,6	12,7	22,3
<b>Tekjur alls</b>	<b>51,6</b>	<b>44,6</b>	<b>96,2</b>
Bókfærð og/eða greidd útgjöld	47,9	38,7	86,6
Bókfærð og/eða greidd einkaútgjöld	-12,5	-3,1	-15,6
Ekki bókunarhæft en bókfært	-15,7	-4,2	-19,9
<b>Útgjöld alls</b>	<b>19,7</b>	<b>31,4</b>	<b>51,1</b>
<b>Mismunur tekna og gjalda</b>	<b>32,0</b>	<b>13,2</b>	<b>45,2</b>

### *Niðurstöður*

Fjármálaumsýslu og bókhaldi Byrgisins er verulega ábótavant, m.a. vegna þess að innheimtar tekjur hafa ekki verið bókaðar og kostnaður er færður til gjalda án fullnægjandi fylgiskjala, kostnaður er ranglega bókfærður eða afar hæpið að hann tilheyri starfsemi Byrgisins. Í mörgum tilvikum vantar frumrit viðkomandi fylgiskjals, útgjöld eru tvíbókuð eða færð á ranga reikningslykla og einkaútgjöldum starfsmanna oft blandað saman við rekstur félagsins.

Stjórnendur Byrgisins eiga eftir að gera fullnægjandi grein fyrir ráðstöfun á söfnunarfé og vistgjöldum sem ekki voru færð í bókhald Byrgisins, að fjárhæð 9,6 m.kr. árið 2005 og 12,7 m.kr. árið 2006. Að mati Ríkisendurskoðunar er ekki að sjá að þessum fjármunum hafi verið ráðstafað í þágu Byrgisins.

Þá liggur fyrir að fjármunir sem sannanlega hafa runnið til stjórnenda og starfsmanna Byrgisins eru langt umfram það sem fram kemur í bókhaldi eða ársreikningum félagsins. Greiðslur sem færðar voru á launareikninga stjórnenda og annarra starfsmanna Byrgisins árið 2005 að fjárhæð 12,7 m.kr. og voru greiddar þeim eða aðilum þeim tengdum eru ranglega tilgreindar í bókhaldi og ársreikningi Byrgisins en þar er launakostnaður aðeins sagður vera 5,5 m.kr. Þá liggur fyrir að þessar greiðslur hafa ekki verið taldar fram til skatts af hálfu Byrgisins.

Þessu til viðbótar er svo að sjá sem stjórnendur og starfsmenn Byrgisins hafi látið bókfæra hjá félaginu og greiða útgjöld sem félaginu eru óviðkomandi og telja verður einkaútgjöld þeirra sjálfra. Slík útgjöld nema a.m.k. 12,5 m.kr. árið 2005 og 3,1 m.kr. tímabilið janúar til október 2006 en gætu allt eins verið miklu hærri. Loks verður að telja að kostnaður félagsins vegna aksturs sé óeðlilega mikill með tilliti til starfseminnar.

Að mati Ríkisendurskoðunar er ekki rétt að ríkissjóður haldi áfram að veita fjármunum til starfsemi Byrgisins ses. vegna þeirra alvarlegu vankanta sem verið hafa á rekstri félagsins og hér eru gerðir að umtalsefni. Með hliðsjón af málavöxtum telur Ríkisendurskoðun jafnframt eðlilegt að máli þessu sé vísað til embættis Ríkissaksóknara til þóknarlegrar meðferðar.